

Vikufréttir

Vika 40 (30.09. – 4.10. 2019)

Mánudagur

- ✓ Ólympíuhlaup ÍSÍ milli kl. 10 og 12. Hvetjum foreldra til að koma og taka þátt, hlaupa með eða bara til að hvetja börnin sín. MS styrkir hlaupið með mjólk fyrir alla í lok hlaups.
 - Miðstig hleypur kl. 10, hafa val um 2,5 eða 5 km
 - Yngsta stig hleypur kl. 10:40, 2,5 km
 - Unglingastig kl. 11:20, hafa val um 2,5 eða 5 km

Þriðjudagur

- ✓ Yngsta stigið flytur yfir í nýju álmuna og kennsla hefst þar í dag

Miðvikudagur

- ✓ Forvarnardagurinn
- ✓ Forseti Íslands kemur í heimsókn í unglिंगadeildina

Fimmtudagur

- ✓ Unglिंगadeildin flytur aftur í grunnskólann úr MB. Kennsla hefst þar í dag og mæta unglिंगarnir þá beint í grunnskólann að morgni.

Föstudagur

- ✓ Smiðjuhelgi í unglिंगadeild. Unnið er í smiðjum frá kl. 14:30 til kl. 18:30

Laugardagur

- ✓ Smiðjuhelgi í unglिंगadeild. Unnið er í smiðjum frá kl. 8:30 til kl. 14:30

Annað:

4. bekkur þreytti samræmd próf í s.l. viku. Prófun gekk vel fyrir sig og stóðu nemendur sig mig þryði og sýndi mikla þrautseigju og dugnað. Tilgangur prófanna er að meta hvernig markmiðum aðalnámskrár hefur verið náð og veita endurgjöf til nemenda, foreldra, kennara, fræðsluyfirvalda. Niðurstöður verða sendar heim til foreldra og nemenda þegar þær berast frá Menntamálastofnun.

Spakmæli: „Maðurinn er ekki stærri en draumar hans, hugsjónir, vonir og áform. Manninn dreymir og með því að láta drauminn rætast er það draumurinn sem skapar manninn.“

Forvarnardagurinn 2019

Forvarnardagurinn sem verður haldinn í fjórtánda sinn þann 2. október n.k. er haldinn að frumkvæði forseta Íslands. Auk embættis forseta skipa fulltrúar embætti landlæknis, Sambands Íslenskra sveitarfélaga, Rannsóknar og greiningar, Samtaka félaga í forvörnum, Reykjavíkurborgar og þriggja landssamtaka æskufólks: Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands, Ungmennafélags Íslands og Bandalags íslenskra skáta, stýrihóp sem kemur að Forvarnardeginum ár hvert.

Eitt markmið Forvarnardagsins er að vekja athygli á forvarnargildi þess að börn og ungmenni eyði tíma með fjölskyldunni, taki þátt í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi og seinki því að neyta áfengis, eða sleppi því. Markmið stuttmyndaleiks er að vekja athygli nemenda á þeim gildum sem hafa sýnt sig, samkvæmt rannsóknum, að séu verndandi þættir þegar kemur að áhættuhegðun.

Öll framkvæmd verkefnisins í skólanum er á vegum skólans samkvæmt leiðbeiningum frá verkefnisstjórn Forvarnardagsins. Það er ósk okkar sem stöndum að Forvarnardeginum að sýning myndbands um stuttmyndaleik, sem nemendur í 9. bekk og 1. bekk framhaldsskóla taka þátt í, hvetji hvetji þau til að nýta hæfileika sína og frumkvæði, þau bjóði jafnvel foreldrum og systkinum að aðstoða sig við myndagerðina.

Að lokum viljum við þakka fyrir einstaklega gott samstarf sem þessi félagasamtök hafa átt við skólastjórnendur sem og aðra fulltrúa skólans um Forvarnardaginn sem og önnur verkefni og væntum þess að Forvarnardagurinn skili þeim árangri sem að er stefnt.

Embætti landlæknis www.landlaeknir.is Opnast í nýjum glugga

ÍSÍ: www.isi.is Opnast í nýjum glugga s: 514-4000

UMFÍ: www.umfi.is Opnast í nýjum glugga s: 568-2929

BÍS: www.skatar.is Opnast í nýjum glugga s: 550-9800

<https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/heilsuefling/unglingar-og-ungt-folk/forvarnardagurinn/>

Útgefandi: Grunnskólinn í Borgarnesi.

Ábm.: Kristín M. Valgarðsdóttir